

Mál nr. 57/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging ökumanns og eiganda.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

12. Málskot móttakið 1. febrúar 2024, ásamt fylgiskjöllum.

13. Bréf V dags. 27. febrúar 2024, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 29. nóvember 2023, varð hinn sama dag árekstur milli ökutækjanna A, sem M ók, og B. Samkvæmt því sem haft er eftir M í lögregluskýrslu var hann að aka úr Mánatorgi í átt að Suðurlandsvegi í Norðlingaholti, þegar honum varð litið á farsíma sinn með þeim afleiðingum að A rann yfir á öfugan vegarhelming og hafnaði á vinstri framhlið B. Ágreiningslaust er að A beri alla sök á árekstri ökutækjanna.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir meiðslum og sótt bætur úr slysáttryggingu ökumanns og eiganda A hjá V. Með bréfi dags. 14. desember 2023 hafi V tilkynnt um að til stæði að skerða bætur M um 2/3 hluta á grundvelli þess að hann hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í aðdraganda árekstursins. M mótmælir þeirri afstöðu og telur skerðingu félagsins úr hófi. M vísar til þess að ákvæði 90. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga er heimili skerðingu eða niðurfellingu bóta sé undantekning frá meginreglunni og beri því að túlka þröngt. Þá vísar M til fordæma nefndarinnar máli sínu til stuðnings. M hafi vissulega brotið háttætnisreglu en hann hafi ekið á tilsettum hámarkshraða, verið með gild ökuréttindi, í öryggisbelti og ekki undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að samkvæmt 90. gr. laga nr. 30/2004 og skilmálum V sé heimilt að lækka eða fella niður ábyrgð félagsins hafi váttryggður valdið váttryggingaratburði með stórkostlegu gáleysi. Stjórnanda ökutækis sé, skv. 57. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, óheimilt að nota farsíma við akstur. Með háttsemi sinni hafi M vikið gróflega frá háttætnisreglum umferðarlaga og hafi honum mátt vera ljós sú hætta sem af því stafaði. Séu þá bein orsakatengsl milli þess að M hafi notað símann við akstur og þess að árekstur varð enda hafi bifreið M farið yfir á öfugan vegarhelming. Sé á grundvelli alls framangreinds heimilt að skerða bætur til M um 2/3 hluta.

Álit.

Samkvæmt framburði M í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu leit hann á síma sinn við akstur, en skv. 57. gr. umferðarlaga er stjórnanda ökutækis við akstur óheimilt að nota farsíma, snjalltæki eða önnur raftæki sem truflað geta aksturinn, án handfrjáls búnaðar. Af framburði M má einnig ráða að bein orsakatengsl hafi verið milli þess að hann leit á símann og þess að A rann yfir á öfugan vegarhelming sem leiddi til áreksturs við B. Teljast þessi atriði því óumdeild.

Samkvæmt 1. mgr. 90 gr. laga um váttryggingarsamninga má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins ef váttryggður hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið og við úrlausn þess skuli litið til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburður bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fikniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Ljóst er að fyrrgreint lagaákvæði býður upp á nokkurt mat og þarf að skoða atvik í hverju máli fyrir sig. Fyrir liggur samkvæmt framansögðu að M leit á farsíma sinn við akstur og að beint orsakasamband var milli þess og þess að árekstur varð. Ekki liggur fyrir hvort M leit aðeins af veginum og á símann eða hvort hann framkvæmdi einhverjar aðgerðir í símanum umrætt sinn. Á umræddum tíma var M þá einnig að aka út úr hringtorgi, þar sem gerð er krafa um sérstaka aðgát ökumanns, sbr. 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga, auk þess sem hálka var á vettvangi en slíkar aðstæður krefjast einnig sérstakrar aðgátar. Verður litið til þess við mat á gáleysisstigi og hugsanlegu skerðingarhlutfalli. Er það mat nefndarinnar að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að líta á síma sinn umrætt sinn og að skerðing bóta sé því heimil. Á grundvelli alls framanritaðs er það mat nefndarinnar að sú skerðing skuli nema 1/3 hluta.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna líkamstjóns úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A, hjá V, en heimilt er að skerða bætur til hans um 1/3 hluta.

Reykjavík, 27. ágúst 2024
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir